

✉ Re: Deiliskipulag Breiðabólstaðatorfu - beiðni um umsögn

Búið til	9.3.2022 16:00:22
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.3.2022 16:00:22
Tilheyrir	📁 202202-0026 - Deiliskipulag Breiðabólstaðatorfu

Efni

Re: Deiliskipulag Breiðabólstaðatorfu - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.3.2022 16:00:22	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	anna.bragadottir@hornafjordur.is, skipulag@hornafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0026 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornarfjarðar, dags. 21. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Breiðabólstaðatorfu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna sem felur í sér töluverða uppbyggingu á Breiðabólstaðatorfunni þ.m.t. heimild fyrir uppbyggingu á 35 nýjum lóðum sem og stækkun núverandi bygginga.

Svæðið sem um ræðir er að stórum hluta raskað eða manngert umhverfi og bein áhrif á viðkvæma náttúru því frekar lítil. Tún eru ríkjandi gróðurlendi ásamt skógrættarreitum og einstaka graslendis- og melablettum. Ekki er áætlað að raska vistgerðum með hátt verndargildi svo sem língresis- og vingulsvist sem er jákvætt. Á

torfunni er nokkuð stórt kríuvarp sem er a.m.k. að hluta upprunnið frá kríuvarpinu við Breiðamerkurlón sem hefur fært sig til. Meta þarf áhrif uppbyggingarinnar á kríuvarpið og taka tillit til þess.

Jákvætt er að áformað sé að byggðin sé lágrest og að hús skuli falla vel að landslagi.

Huga þarf að áhrifum þess að byggð stækki á svæðinu. Mikilvæg náttúrusvæði með hátt verndargildi eru í næsta nágrenni. Breiðabólstaður er rétt við mikilvægt fuglasvæði, *Breiðamerkursand-Fagurhólsmýri* (Breiðamerkursandur-Fagurhólsmýri | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<http://www.ni.is/node/16179>) þar sem m.a. eru varplönd skúms sem er á valista Náttúrufræðistofnunar sem og mikilvæg varpsvæði helsingja, lóms, grágæsar og fleiri tegunda. Þá eru vistgerðir með hátt verndargildi í landi Breiðabólstaðar, skammt fyrir utan áætlað uppbyggingarsvæði. Fyrir sunnvestan eru víðáttumikil votlendissvæði, þar sem starungsmýravist er ríkjandi. Þessi votlendi eru lítt röskuð og falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Sama á við um víðáttumiklar leirur í Breiðabólstaðarlóni sem hafa hátt verndargildi. Sjálfst lónið flokkast sem leirulón sem laða að sér fjölskrúðugt fuglalíf. Sérstaklega mikilvægt er að hugað sé vandlega að fráveitu þannig að þessum vistgerðum sem liggja milli byggðarinnar og hafs sé ekki ógnað af skólpmengun.

Ekki kemur fram hvort stækkun byggðar kalli á þörf á nýjum nýtingarsvæðum fyrir neysluvatn og heitt jarðvatn en mikilvægt er að leggja mat á það.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Anna Bragadóttir" <anna.bragadottir@hornafjordur.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "thuridur@minjastofnun.is" <thuridur@minjastofnun.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "haust@haust.is" <haust@haust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>
CC: "Bryndís Bjarnarson" <bryndis@hornafjordur.is>; "Brynja Dögg Ingólfssdóttir" <brynja@hornafjordur.is>
Subject: Deiliskipulag Breiðabólstaðatorfu - beiðni um umsögn
Date: 21.2.2022 09:26:53

Góðan daginn.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 13.01.2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Breiðabólstaðstorfu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með deiliskipulaginu er að móta ramma um byggð á Breiðabólstaðartorfu og staðsetja grunninnviði. Skilgreindar eru byggingarheimildir til að þróa byggðina áfram og efla starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir fasta íbúa og starfsfólk sem býr í skemmri tíma á staðnum. Ennfremur gistirými í viðbyggingum við gistihús sem þegar standa og nýjum smáhýsum. Heimiluð er endurnýjun eldri húsa og bygging nýrra til notkunar í landbúnaði og til að þróa ferðaþjónustu á staðnum.

Tillagan er til sýnis frá og með 26. janúar til 9. mars 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og er hún einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins gegnum eftirfarandi tengil:

Deiliskipulag Breiðabólstaðartorfu | Skipulag í kynningu | Hornafjörður (hornafjordur.is)
(<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/breidabolstadur-hali-deiliskipulag>)

Óskað er eftir umsögn þinnar stofnunar á tillögunni í samræmi við 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Frestur til að skila inn umsögnum er til 9. mars.

Skila skal umsögnum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is (mailto:skipulag@hornafjordur.is)

F.h. umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Anna Bragadóttir

Landfræðingur B.Sc.

Sími: 412-6285

Viðhengi

image001.png (5 KB)